

## Stjórnarfundur TSÍ 22.08.12

Mættir: Þrándur, Raj, Helgi, Jónas, Gunnar

1. Evrópumóti 16 ára og yngri er um það bil að ljúka. Þátttaka var ekki eins góð og menn bjuggust við sem kannski skýrist af því hversu seint á sumrinu mótið er haldið. Það lítur út fyrir að góður árangur náist hjá okkar besta fólki.
2. Góð þátttaka var hjá stjórnarmönnum TSÍ á Íslandsmótinu. Verðlaunaafhending skemmtileg. Þarf að koma formanninum og Júlíönu í gang og þá eru allir með.
3. Þróttarmót er fyrirhugað í september og Babolatmót verður haldið í október.
4. Umræður fóru fram um umgjörð Íslandsmóts utanhúss. Enginn mótstími á sumrin virðist henta mjög vel. Erfitt er að fá keppendur í ágúst því margir eru í fríi. Svo virðist einnig að ýmsir forgangsraði öðrum hlutum fram fyrir mótið. Mennta- og íþróttaráætlunir á þessum mótum og mæta til dæmis nánast engir áhorfendur á úrslitaleiki í meistaraflokkum. Óklárt er hvenær og hvernig er dregið í mótin og menn eru að reyna að redda línudómurum korteri fyrir úrslitaleiki, svo eitthvað sé nefnt. Lagt var til að TSÍ setji fram gátlista þar sem umgjörð Íslandsmóta er skilgreind frá A til Ö. Allt frá kynningum fyrir Íslandsmót og að verðlaunaafhendingu. Gunnar ætlar að leggja fram fyrstu drög. Þá telja menn heppilegra að hafa verðlaunaafhendingar beint á eftir úrslitaleikjum meistaraflokka. Þá eru flestir á staðnum og stemningin best.
5. Ferðirnar til Tékklands og Slóvakíu fóru 60.000 kr.- fram yfir kostnaðaráætlun. Ákveðið var að TSÍ tæki kostnaðinn á sig og keppendur/foreldrar yrðu ekki rukkaðir.
6. Fjórir leikmenn og einn þjálfari fara í ferðina til Noregs. Rædd voru kostnaðarmál og er kostnaður 750 dollarar á keppanda eða 3.500 dollarar fyrir 5 aðila. Gist verður í gamla ólympíuþorpinu frá vetraólympíuleikunum forðum sem er mjög spennandi.
7. Ísland/TSÍ hefur ekki verið boðið að taka þátt í Norðurlandamóti 15 ára og yngri. Skömm að því segir Raj. Helgi ætlar að taka málið að sér.
8. Þjálfaranámskeið verður haldið í Helsinki 23.-29. september. Raj og Jón Axel verða fulltrúar okkar.
9. Tennisnámskeið fyrir nemendur í íþróttáfræðum hjá HR er ennþá í skoðun. Júlíana er í sambandi við Raj, Jón Axel, Magnús og frammámenn skólans. Nánar síðar.
10. Jónas og Helgi ætla að fara í saumana á því hversu marga og hvaða tíma TSÍ fær í tennishöllinni fram að júlum. Þurfum að trappa eitthvað niður vegna peningaskorts. Bestu spilarar karla þurfa að ganga fyrir því þá vantar tilfinnanlega æfingatíma á meðan krakkarnir eru þegar að æfa 4-5 sinnum í viku.

11. Helgi hugleiðir að fara AGM þing í Lúxemborg í byrjun október. Hann hefur þegar kynnst stjórnendum tennismála í Evrópu lítillaga og það er mál manna að auka þurfi þessi samskipti til þess að koma Íslandi betur á koppinn í alþjóða tennissamhengi. Menn hafa sýnt því áhuga erlendis að Ísland sendi fulltrúa á þingið.
12. Jónas hugleiðir að fara á þing í London undir forskriftinni: „ hvernig auka má áhuga á tennisíþróttinni“. Hljómar spennandi og þörf á að meira sé gert á þessum vettvangi til þess að auka veg íþróttarinnar á Íslandi.

Gunnar Þór Finnbjörnsson